

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. laganna verði svohljóðandi:

Leyfisbréf er veitt heimild til framleiðslu gjaldskyldrar vöru samkvæmt lögum þessum skal koma í stað iðnaðarleyfis samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. Leyfisbréf skal gilda í 5 ár talið frá útgáfudegi þess.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs skal greiða í ríkissjóð sérstakt leyfisgjald svo og fyrir endurnýjun þess. Leyfisgjald skal ákveðið samkvæmt 20. gr. laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs með áorðnum breytingum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	— Lakkrís, sykraudur og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	— Karamellur	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	— Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	— Annað	1 kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	— Annars	1 kg	45,60
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:		
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetis-safi er telst til nr. 20.07:		
01	— Gosdrykkir	1 l	16,00
09	— Annað	1 l	16,00
22.03	Öl gert úr malti:		
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	— Annað	1 l	17,00

3. gr.

2. málslíður 5. gr. laganna verði svohljóðandi:

Að þessu og öðru leyti skulu ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum gilda eftir því sem við á um vörugjald af innfluttum vörum.

4. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna verði svohljóðandi:

Heimilt skal að endurgreiða vörugjald af gjaldskyldum vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða endursendar, enda hafi verið gætt ákvæða laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

11.—13. gr. laganna falli brott. Jafnframt verði 14. og 15. grein laganna 11. og 12. gr. þeirra.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli brott

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 118 28. desember 1976 og lög nr. 83 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 97 28. desember 1971 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.